



Stofnanasamningur

milli Ljósmeðrafélags Íslands og Landspítala um forsendur röðunar starfa

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar
og Ljósmeðrafélags Íslands hins vegar

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra ljósmæðra á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Markmið

Markmið þessa samkomulags er að LSH öðlist aukna möguleika til að haga starfsmannamálum sínum á þann veg sem kemur sér best á hverjum tíma. Samkomulaginu er því ætlað að auka sveigjanleika með því að draga úr takmörkunum í miðlægum kjarasamningum.

Markmið aðila er að samningur þessi styðji við framsækna mannauðsstefnu þar sem m.a. er tekið tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða. Auk þess að stuðla að auknu gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum og draga með þeim hætti úr óútskýrðum launamun kynjanna. Fjölgað verði úrræðum til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum með fleiri möguleikum til launasetningar, t.d. með því að árangurstengja hluta launanna.

3. Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

4. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Ljósmóðir C1 (með embættispróf).....	11_0
Ljósmóðir C2	12_0
Ljósmóðir C3	12_1
Ljósmóðir C4	12_2
Ljósmóðir D1	13_2
Ljósmóðir D2	14_1
Ljósmóðir D3	14_2
Ljósmóðir D4	15_2
Ljósmóðir E1	16_2
Ljósmóðir E2.....	17_2
Sérfræðingsstarf	xxx

Framangreind röðun byggir á hæfni/reynslu ljósmóður auk ábyrgðarlýsingar starfs og stöðu starfs í skipuriti. Starfsaldursviðmið taka mið af reglum starfsþróunarkerfis ljósmæðra á Landspítala og miðast við fagreyntu. Metinn er starfsaldur utan Landspítala í starfi ljósmóður gegn starfsvottorði.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.



Vegna breytinga og þróunar á starfssviði ljósmeðra eða starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd LSH og LMFÍ taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við sérfræðinga í ljósmóðurfræðum, aðstoðardeildarstjóra og deildarstjóra er samið sérstaklega og taka skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Mat á menntun umfram grunnkröfu starfs

Viðbótarnám, sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir1 þrep

60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir2 þrep

Meistarapróf (90-120 ECTS einingar)4 þrep

Doktorspróf6 þrep

Samkvæmt þessu getur ljósmóðir hækkað um allt að 6 álagsþrep til viðbótar við grunnröðun starfs, vegna viðbótarnáms sem er umfram grunnkröfu starfs, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2.

Ljósmóðir sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónub. þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launafokks sem er umfram 8 álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum þrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm þrep.

7. Helgun

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli skal fá greitt 1 þrep vegna helgunar.

8. Réttur til endurmats á röðun

Ljósmóðir á rétt á að fara fram á það við yfirmann sinn að röðun starfs verði metin með tilliti til starfslýsinga í kjölfar samnings þessa og síðan allt að einu sinni á ári. Við slíkt mat skal taka tillit til breytinga á starfinu og starfssviði frá því að það var metið síðast.

Heimilt er ljósmóður að leita álits viðkomandi framkvæmdastjóra sviðs sé hún ekki sátt við niðurstöðu mats yfirmanns.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.



9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. febrúar 2024.

Reykjavík, 06.02 2024

f.h. Landspítala

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands



Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið.

Nánar um starfaflokkun sbr. gr. 4

- Ljós móðir C: Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.
- Ljós móðir D: Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins. Ljós móðir er staðgengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar. Ljós móðir innleiðir nýjungar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi, og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði. Þá tekur ljós móðir þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um klíniska meðferð / faglega úrlausn mála.
- Ljós móðir E: Sérfræðingur í tiltekinni fræðigreini á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistaraþróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/ þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu LSH. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/ þjónustunnar/ meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungar í meðferð/þjónustu/fagi.
- Sérfr.starf: Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi ljós móðir hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigreini. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.



Fylgiskjal 2 Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á viðbótarmenntun

Viðbótarnám/-menntun – hámark 6 þrep

Viðbótarnám/viðbótarmenntun sem kemur til mats hér telst eingöngu það nám sem ekki var forsenda þess að viðkomandi starfsmaður öðlaðist gildandi starfsréttindi sín sem ljósmóðir.

- **Viðbótarmenntun / Diplómapróf¹** – Ljósmóðir sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nýtist í viðkomandi starfi og er sem nemur 30 ECTS eða 180 kennslustundum (sbr. reglur námsmatsnefndar, sjá bókun 1) hækkar um eitt þrep. Ljósmóðir sem hefur aflað sér sem nemur 60 ECTS eða 360 kennslustundum hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Námið er umfram grunnkröfur um menntun samkv. starfslýsingu viðkomandi starfs.
- **Meistarapróf** – Ljósmóðir með meistarapróf (60 ECTS einingar) til viðbótar við kándídatpróf í ljósmóðurfræðum hækkar um sem nemur 2 þrepum vegna meistaraprófs. Meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs (90-120 ECTS einingar) veitir hækkun sem nemur 4 þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Launahækkun vegna annarrar viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi ljósmóðir verið búin að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá er hækkunin vegna meistaraprófs tvö til þrjú þrep eins og við á. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** - Ljósmóðir með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur 6 þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. sem að framan greinir kemur því ekki til viðbótar við hækkun vegna doktorsprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi.

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun:

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl. Afrit af skjali sem sannar þátttöku þarf að fylgja með.
- b. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- c. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- e. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

¹ Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.



Bókun 1

Námsmatsnefnd

Nefnd, skipuð einum fulltrúa ljósmeðra og einum fulltrúa spítalans hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist ljósmeðrum í starfi sbr. grein 5 í stofnanasamningi.

Bókun 2

Fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launhækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélag þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Ljósmeðrafélag Íslands samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun.

Undirritunarsíða

f.h. Landspítala
Gunnar Helgason



Undirritað af:
Gunnar Helgason
1805764369
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:04:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Landspítala
Atli Atlason



Undirritað af:
Atli Atlason
0810664429
Dags: 14.02.2024
Tími: 13:03:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Landspítala
Oddur Gunnarsson



Undirritað af:
Oddur Gunnarsson
0812574779
Dags: 14.02.2024
Tími: 12:35:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Landspítala
Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:
Fríða Björg Leifsdóttir
0511774609
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:08:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Unnur Berglind Friðriksdóttir



Undirritað af:
Unnur Berglind
Friðriksdóttir
0404684479
Dags: 14.02.2024
Tími: 13:55:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Edda Sveinsdóttir



Undirritað af:
Edda Sveinsdóttir
0707715869
Dags: 15.02.2024
Tími: 16:46:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Hildur Holgersdóttir



Undirritað af:
Hildur Holgersdóttir
3103932589
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:34:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Kristín Hálfánardóttir



Undirritað af:
Kristín Hálfánardóttir
1109942579
Dags: 14.02.2024
Tími: 16:31:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

Stella Ingigerður Steinþórsdóttir



Undirritað af:
Stella I Steinþórsdóttir
2510744969
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:32:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 81db5704-
b717-4100-a144-
bc73ec86bf93

Fundargerð

Samstarfsnefnd Ljósmeðrafélags Íslands og Landspítala.

Dags: 29.01.2024

Fundaraðilar:

F.h. Ljósmeðrafélags Íslands: Unnur B Friðriksdóttir, Edda Sveinsdóttir, Hildur Holgeirsdóttir, Kristín Hálfðánardóttir, Stella Steinþórsdóttir

F.h. Landspítala: Atli Atlason, Fríða Björg Leifsdóttir, Gunnar Helgason

1. Nýtt starfsþróunarkeri ljósmeðra á Landspítala

Landspítali hefur ákveðið að endurskoða starfsþróunarkerfi Ljósmeðra á Landspíta. Eldra kerfi var útbúið í kjölfar gerðardóms árið 2018.

Megin breytingar á starfsþróunarkerfinu eru eftirfarandi

- 1. Tekið verði upp þrep fyrir 100% starfshlutfall líkt og er í stofnanasamningi Landspítala við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- 2. Ljósmeður fái metna starfsreynslu sem hjúkrunarfræðingar og fari þá í starfsheiti í samræmi við starfsaldur.
- 3. Teknar verði upp nýjar viðmiðunarreglur um launaröðun ljósmeðra sem að grunni til eru þær sömu og gilda um launaröðun hjúkrunarfræðinga.
- 4. Tekin verða upp starfsheiti C1- C4 og D1-D4 og E1-E2 í stað C, D og E. Starfsheiti verða stofnuð í Orra og verður fastur grunnlaunaflokkur og grunnlaunaþrep fyrir hvert starfsheiti.
- 5. Öllum starfandi ljósmeðrum verði endurraðað skv. nýjum reglum. Ný röðun gildi frá 1. febrúar 2024.
- 6. Mat á viðbótarmenntun verði skýrð þar sem greidd verði að hámarki 2 þrep fyrir meistaranám þar sem einingar út fyrra prófi sem ljósmóðir eru nýttar.
- 7. Ótilgreind þrep fyrir mat á fyrra starfi sem hjúkrunarfræðingur fer upp á móti hækkun á launaröðun
- 8. Röðun sérhæfðra ljósmeðra sem sinna sónarþjónustu á Landspítala verði skýrð á þann hátt að þær raðist sem ljósmeður E1.
- 9. Engin ljósmóðir mun lækka í launum við breytingu á starfsþróunarkerfinu.
- 10. Umsjón og umsýsla með launaröðun ljósmeðra verður á hendi kjaradeildar í samvinnu við mannauðsstjóra kvenna- og barnasviðs og yfirljósmeður á kvenna- og barnasviði.

Starfslýsing	Launaflokkur og þrep			Tími í þrepi í mán <50% starfshlutfall	Samanlagður fjöldi stöðugildismán. hjfr. + ljósm	Tími í þrepi í mán 50%-100% starfshlutfall	Samanlagður fjöldi stöðugildismán. hjfr. + ljósm	Færsla á milli þrepa
	Grunn-röðun	Viðbótar nám	Meistara nám					
Er fær í starfi	C1	110	111	112	24			Notað fyrir nýútskrifaðar ljósmeður sem útskrifast án meistaraþrófs
	C2	120	121	122	24	að 72 mán	12	að 36 mán
	C3	121	122	123	24	73-96 mán	12	37-48 mán
	C4	122	123	124	24	97-120 mán	12	49-60 mán
Er mjög vel fær í starfi	D1	132	133	134	24	121-144 mán	12	61-72 mán
	D2	141	142	143	24	145-168 mán	12	73-84 mán
	D3	142	143	144	24	169-192 mán	12	85-96 mán
	D4	152	153	154	24	>193 mán	12	>97 mán
Hefur sérfræðiþekkingu	E1	162	163	164	Séröðun t.d sérfræðileyfi,fósturgreining			
	E2	172	173	174				

Ekki verður gerð breyting á launaröðun eða starfsheitum í stofnanasamningi. Lagt er til að breyting gildi frá 1. febrúar 2024. Gert hefur verið kostnaðarmat þar sem öllum starfandi ljósmæðrum er raðað skv. ofangreindri töflu.

Áætlaður kostnaður fyrir hækkun á heildarlaunum er um 4 milljónir á mánuði eða 48 milljónir á ári án launatengdra gjalda. Með launatengdum gjöldum er kostnaðurinn um 58 milljónir.

2. Nýr stofnanasamningur milli Landspítala og Ljósmæðrafélags Íslands.

- Stofnanasamningur verður endurskoðaður með breyttum ákvæðum um
 - Stafaflokkun
 - Að starfsaldursviðmið taki mið af reglum starfspróunarkerfis ljósmæðra á Landspítala og miðast við fagreynslu. Metinn er starfsaldur utan Landspítala í starfi ljósmóður gegn starfsvottorði.
 - Einingarfjölda á bak við meistarapróf
 - Helgun fyrir 100% starf.
- Nýr stofnanasamningur verður sendur til samstarfsnefndar ljósmæðra til undirritunar.
- Stefnt er að því að röðun ljósmæðra vegna nýrra reglna og nýs stofnanasamnings verði lokið fyrir lok febrúar og komi til útborgunar 1. mars 2024.

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið.

f.h. Landspítala

f.h. Ljósmæðrafélags Íslands

Undirritunarsíða

f.h. Landspítala
Gunnar Helgason



Undirritað af:
Gunnar Helgason
1805764369
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:04:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Landspítala
Atli Atlason



Undirritað af:
Atli Atlason
0810664429
Dags: 14.02.2024
Tími: 13:02:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Landspítala
Oddur Gunnarsson



Undirritað af:
Oddur Gunnarsson
0812574779
Dags: 14.02.2024
Tími: 12:36:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Landspítala
Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:
Fríða Björg Leifsdóttir
0511774609
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:08:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Unnur Berglind Friðriksdóttir



Undirritað af:
Unnur Berglind
Friðriksdóttir
0404684479
Dags: 14.02.2024
Tími: 13:58:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Edda Sveinsdóttir



Undirritað af:
Edda Sveinsdóttir
0707715869
Dags: 15.02.2024
Tími: 16:47:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Hildur Holgersdóttir



Undirritað af:
Hildur Holgersdóttir
3103932589
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:35:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Kristín Hálfánardóttir



Undirritað af:
Kristín Hálfánardóttir
1109942579
Dags: 14.02.2024
Tími: 16:29:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3

Stella Ingigerður Steinþórsdóttir



Undirritað af:
Stella I Steinþórsdóttir
2510744969
Dags: 14.02.2024
Tími: 11:32:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 68383e37-
0c3b-4742-be26-
93bb0bb829b3